

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 33/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/98 frá 4. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

Uppfæra ber ýmsa aðlögunarliði við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, eins og hún var uppfærð með reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996⁽³⁾, og við ákvörðun nr. 151 frá 22. apríl 1993 um beitingu 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 sem samþykkt var af framkvæmdaráðinu um félagslegt öryggi faramlaunþega⁽⁴⁾.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 123, 13.5.1999, bls. 64 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 13.5.1999, bls. 273.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 168, 13.6.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 244, 19.9.1994, bls. 1.

1. gr.

VI. viðauka (FÉLAGSLEGT ÖRYGGI) við samninginn skal breytt sem segir í 2., 3. og 4. gr.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):

„- **398 R 1223**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/98 frá 4. júní 1998 (Stjtið. EB L 168, 13.6.1998, bls. 1).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):

„- **398 R 1223**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/98 frá 4. júní 1998 (Stjtið. EB L 168, 13.6.1998, bls. 1).“

4. gr.

Þessi breyting varðar ekki íslensku útgáfuna.

5. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1223/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner